

Október 2021 Matseðill og ýmsir viðburðir

Regla mánaðarins: Að ganga inni

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
Vika 8 Stafur vikunnar: N Tákn: Ganga				
27 sep	28 sep	29 sep	30 sep	1 Pylsupasta, hvítlauksbrauð, ferskt salat
Vika 9 Stafur vikunnar: D Tákn: Dúkka				
4 Kúrekakássa, kartöflumús, gulrótarsalat.	5 Þorskur í raspi, kartöflur, kaldar sósur, spínatsalat.	6 Folaldasnitset, bernessósa, kartöflubátar, hrásalat, gular og grænar baunir.	7 Léttsaltaður þorskur, kartöflur, rúgbrauð, lauksmjör, salatbar.	8 Ítölsk súpa m. pasta, heimabakað brauð, gúrkustafir.
Vika 10 Stafur vikunnar: Í Tákn: Bíll				
11 Kjötbollur, brún sósa, kartöflumús, hrásalat.	12 Starfsdagur Lokað	13 Tikka masala Kjúklingur, hrísgrjón, ferskt salat.	14 Fiskibollur, kartöflur, brún sósa, grænmeti	15 Bleikur dagur Skyr, heitt brauð, ávextir
Vika 11 Stafur vikunnar: Ú Tákn: Húfa				
18 Bókavika Stroganoff, kartöflumús, hrásalat	19 Þorskur í kentucky rasp, kartöflur, kaldar sósur, gulrótasalat	20 Kjöt í karrý, hrísgrjón, kartöflur, soðnar rófur og gulrætur	21 Soðinn fiskur, kartöflur, rúgbrauð, lauksmjör, tómatsósa, salatbar	22 Íslensk kjötsúpa, heimabakað brauð
Vika 12 Stafur vikunnar: V Tákn: Vinna				
25 Grænmetisbuff, kúskús, kaldar sósur gúrka/gulrætur	26 Fiskibollur, kartöflur, hrísgrjón, karrýsósa, spínatsalat	27 Bangsadagur Hamborgarar og franskar	28 Hrekkjavaka Búningadagur Plokkfiskur, rúgbrauð, salatbar	29 Kjúklingapasta, hvítlauksbrauð, ferskt salat

Tákn vikunnar

Við minnum ykkur á að fylgjast með tákni vikunnar og æfa heima með börnunum. Á heimasíðu Birkilundar > Um Birkilund > Tákn með tali > tákn vikunnar > er hægt að smella á orðið og fá mynd af því hvernig það er táknað. Orðið er alltaf sagt með táknuinu.

Bleikur dagur

Föstudag 15. október verður bleikur dagur í Birkilundi. Þá væri gaman ef börnin kæmu í bleikum fötum eða með eitthvað bleikt í fötunum. Þetta gefur tækifæri til að skoða og ræða um litinn saman heima.

Bókavika

Hvert barn má koma með eina bók í vikunni og geyma hana í leikskólanum. Takmarkið er að eitthvað sé lesið úr öllum bókum. Munið að merkja bækurnar.

Bangsadagur

Alþjóðlegi bangsadagurinn er 27. október ár hvert, á fæðingardegi Theodors (Teddy) Rosewelts fyrrverandi Bandaríkjaforseta. Í tilefni dagsins mega börnin koma með bangsa með sér í leikskólann þann dag.

Hrekkjavaka - Búningadagur

Börnin mega koma í búningum í leikskólann þennan dag.

Lokað þriðjudag 12. október

Þriðjudag 12. október er starfsdagur í leikskólanum. Þá verða Starfsmenn á námskeiði um líkamsbeytingu og vinnustellingar og síðan verður unnið að endurmati og skipulagningu á starfinu auk annarra verkefna.

Foreldrafundur

Stefnt er að því að vera með kynningarfund fyrir foreldra miðvikudag 20. október kl 20:00. Allir foreldrar við leikskólann og starfsfólk er boðað á þennan fund. Dagskrá og fundarstaður verður auglýst þegar nær dregur.

Vistunartími - ekki koma of snemma að morgni eða of seint í lok dags

Það er mikilvægt að virða vistunartímann sem samið hefur verið um, bæði í upphafi dags og í lok hans. Starfsmannafjöldi miðast við barnafjöldann sem á að vera á hverjum tíma. Barn á því ekki að koma inn á deild fyrir umsaminn tíma og það á að vera farið út af deildinni þegar tímanum er lokið.